



Ljósmyndir: Þórir N. Kjartansson

Prófanir og úrvinnsla þeirra

Skólarnir setja sér markmið fyrir hvert skólaár til ársins 2020 um þann árangur sem skólinn stefnir að í hverri prófun einnig setji Grunnskólinn sér sérstaklega markmið varðandi árangur í samræmdum könnunarprófum.

Niðurstöður prófa skulu liggja fyrir innan tveggja vikna frá lokafresti hvernar prófunar eins og skilgreint er í þessu skjali.
Prófanir skulu lagðar fyrir alla nemendur árgangs/hópa eftir því sem tilgreint er í þessu skjali. Tví-/fjöltyngd börn sem hafa dvalið í eitt ár eða lengur á Íslandi fara í gegnum sömu próf og skimanir og önnur börn. Niðurstöður einstakra nemenda skulu kynntar foreldrum/nemendum innan mánaðar frá því að niðurstöður liggja fyrir.
Skólastjóri er ábyrgur fyrir að niðurstöður berist innan tímaramma til Skólaskrifstofu.
Skólaskrifstofa skal hafa niðurstöður úr sameiginlegum prófunum tilbúnar til birtingar tveimur vikum eftir skil frá skólum.
Á Skólaskrifstofu ber ákveðinn aðili ábyrgð á úrvinnslu einstakra prófana og samanburð á milli skóla á svæði Skólaskrifstofunnar.
Allar niðurstöður læsisprófa skal birta eftir skólum en í öllum tilvikum skulu þær vera ópersónugreinanlegar og vera í samræmi við lög um varðveislu og birtingu (trúnaðar) gagna í opinberri stjórnsýslu og persónuvernd. Þegar niðurstöður eru kynntar er ferlið eftirfarandi: <p>a. Forstöðumaður Skólaskrifstofu.</p> <p>b. Skólastjóri og starfsfólk skóla.</p> <p>c. Fræðsluráð.</p> <p>d. Almenningur.</p>

Íhlutanir og eftirfylgni þeirra

Öll íhlutun í kjölfar prófanna er á ábyrgð skóla og út frá þeim björgum sem skóli hefur yfir að ráða. Hér getur þurft að færa til og forgangsraða upp á nýtt í kjölfar niðurstaðna, t.d. sérkennslutímum, verkefnaöðu o.fl.

Mikilvægt er að stjórnendur séu með mikla eftirfylgd í læsisverkefninu, styðji og hvetji kennara og fylgist með því að aðgerðir í kjölfar prófa séu framkvæmdar og nái fram að ganga. Skólastjóri er faglega ábyrgur fyrir framkvæmd læsisverkefnis í skólunum.

Aðkoma Skólaskrifstofu

Aðkoma Skólaskrifstofu að prófunum/íhlutunum er margþætt: <p>a) að leggja til verkferla, form og ráðgjöf við próf og íhlutun,</p> <p>b) aðstoða við prófanir í skólum við sérstakar aðstæður,</p> <p>c) standa fyrir námskeiðahaldi,</p> <p>d) vinna heildarniðurstöður prófana og birta samanburð einstakra skóla með kynningu á þeim,</p> <p>e) fylgja eftir að íhlutun fari fram innan skóla,</p> <p>f) vinna sérstaklega með skólunum þegar niðurstöður gefa til kynna mikinn vanda,</p> <p>g) grípa inn í verkferla skólanna sé prófa-/íhlutunarferlum ekki fylgt og veita ráðgjöf við íhlutun í skólunum sé þess þörf.</p>
--

Grunnþættir:

Í þessu skjali er lýst, megináherslum í læsi en skólinn útfærir það nánar.
Gengið er út frá því að finna nemendur með lestrarvanda með mismunandi matstækjum og veita viðeigandi íhlutun í framhaldinu, þ.e. greining felur í sér ábyrgð til aðgerða. Mikilvægt er að aðgerðir byggji á niðurstöðum prófa út frá viðmiðum.
Tilgangur með viðmiðum er alltaf sá að allir nemendur fái íhlutun við hæfi.
Mikilvægt er að leggja áherslu á samvinnu foreldra og skóla hvað varðar íhlutun. Einnig að Skólaskrifstofan komi að íhlutun þar sem þess er þörf.
Unnið er með læsi út frá fimm grunnþáttum lestrar- (1) hljóðkerfis- og hljóðavitund, (2) lesfimi, (3) lesskilningur, (4) orðaforði og (5) hljóðræn umskráning.

Árangursmarkmið:

2017	80%	2020	85%
Hlutfall nemenda í 7.-10. bekk sem geti lesið sér til gagns.			

Áherslur í lestrarkennslu í leikskólanum:

Lesið fyrir börnin.	Alla daga.
Hljóðkerfisvitund, bókstafir og hljóð.	Unnið með það alla daga innan elstu deildar.
Frjáls lestur/yndislestur.	Alla daga bækur aðgengilegar börnum á báðum deildum.
Lestrarátök.	Kennt að umgangast bækur. Höfundakynningar, bókaflökkakynningar. Heimsóknir á bókasöfn. Lestur alla daga.
Vinna með orðaforða/málskilning/lesskilning.	Alla daga.

Áherslur í lestrarkennslu í grunnskólanum:

	1.- 4. bekkur	5.- 6. bekkur	7.- 10. bekkur
Lesið fyrir börnin	Alla daga.	Alla daga.	Minnst einu sinni í viku.
Hljóðkerfisvitund bókstafir og hljóð	Unnið með alla daga í 1.-2. bekk eftir þörfum.		
Skólalestur-lesið fyrir kennara eða félaga	Alla daga.	Alla daga.	Minnst einu sinni í viku.
Heimalestur	Fimm daga vikunnar.	Fimm daga vikunnar.	Fimm daga vikunnar.
Frjáls lestur/yndislestur	Minnst þrisvar í viku.	Minnst þrisvar í viku.	Minnst einu sinni í viku.
Lestrarátök	Að lágmarki einu sinni á önn.	Að lágmark einu sinni á önn.	Að lágmarki einu sinni á önn.
Vinna með orðaforða/málskilning/ lestrarátök	Alla daga.	Alla daga.	Alla daga.
Áhersla á framsagnarlestur	Sérstök áhersla í 4. bekk.		Sérstök áhersla í 7. bekk.



Haustið 2015 tók Mýrdalshreppur, að frumkvæði mennta-málaráðherra, þátt í gerð þjóðarsáttmála um eflingu læsis á Íslandi ásamt öðrum sveitarfélögum í landinu. Með sátt-málanum taka Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta-og menningarmálaráðherra, Kennarasamband Íslands og Heimili og skóli saman höndum með það að markmiði, að sem flest börn geti lesið sér til gangns og ánægju við útskrift úr grunnskóla.

Eitt af stóru verkefnum sáttmálans er að sveitarfélög marki sér skýra framfarastefnu í lestri fyrir börn í leik-og grunnskóla. Leikni í læsi í víðum skilningi er forsenda framfara hjá nemendum. Í skólastarfi gefast mörg tækifæri til þess að efla þekkingu nemenda og notkun á móðurmálinu. Blæbrigði móðurmálsins eru óendanleg og því er afar mikilvægt að skólinn og skólasamfélagið nýti öll tækifæri og bjargir til þess að efla og bæta lestrarkunnáttu nemenda.

Sveitarfélagið Mýrdalshreppur vill styðja og efla markvissa þróun lestrarnáms í skólum sveitarfélagsins. Mikilvægt er, að heimili, skóli og sveitarfélag vinni náið saman og deili ábyrgð, í því augnamiði að nemendur nái sem bestum árangri við lestrarnámið. Ef nemendur standa höllum fæti í lestri getur það haft afgerandi áhrif á skólagönguna. Því er afar mikilvægt að greina frávik snemma á skólagöngunni og bregðast við þeim með viðeigandi hætti á faglegan, markvissan og skipulegan hátt.

Í læsisstefnu Mýrdalshrepps má sjá þær vörður sem reistar eru til þess að greina og mæla lestrargetu nemenda.

Jafnframt eru sett fram þau markmið sem leitast skal við að nemendur nái með reglubundnum hætti.

Lestur er lykill að námi og starfi og því er mikilvægt að allir nemendur í skólum sveitarfélagsins fái þann undirbúning og stuðning sem nauðsynlegur er við lestrarnám.



2,6 ára og 4 ára		2,6 ára	2,6-5 ára	5 ára
Brigance	PEDS	Orðaskil	Tras	Hljóm-2
- lesskilningur - orðaforði	Mikilvægar bakgrunnsupplýsingar	-Orðaforði	Orðaforði Hljóðkerfisvitund	Hljóðkerfisvitund.
Í tengslum við reglubundið eftirlit heilsugæslu.	Í tengslum við reglubundið eftirlit heilsugæslu.		Byrjað 2.6 og svo á hálfis árs fresti til 5 ára.	Að hausti
Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi	Öll börn eldri en 2,6 ára.	Allir í árgangi
Hjúkrunarfræðingur heilsugæslu	Hjúkrunarfræðingur heilsugæslu	Foreldrar, leikskólakennari les úr niðurstöðum	Leikskólakennari	Leikskólakennari
Barn yfir áhættumörkum samkvæmt stöðlun prófs fær sérstuðning í skóla.	Barn yfir áhættumörkum samkvæmt stöðlun prófs fær sérstuðning í skóla.	Ef barn mælist einu staðarfráviki eða meira undir í orðaforða eða setningagerð fjafnaldra þá er veitt viðeigandi íhlutun.	Ef barn er ekki búíð að ná viðmiðum er veitt viðeigandi íhlutun.	Börn sem að mælast með „slaka“ eða „mjög slaka“ útkomu samkvæmt stöðlun prófsins fá markvissa þjálfun í Hljóðkerfisvitund.
				Börn sem koma „slök eða „mjög slök“ eru endurmetin í febrúar.
Frávik tilkynnt til skólaskrifstofu.	Frávik tilkynnt til skólaskrifstofu.	Niðurstöður teknar saman og geymdar í leikskólanum. Kynntar fyrir foreldrum og leikskólaráðgjafa.	Niðurstöður teknar saman og geymdar í leikskólanum. Kynntar fyrir foreldum í foreldraviðtölum.	Heildarniðurstöður sendar til leikskólaráðgjafa skólaskrifstofu. Og kynntar fyrir foreldrum.
Aðgerðaráætlun send til skólaskrifstofu innan þriggja mánaða frá því upplýsingar berast heilsugæslu.	Aðgerðaráætlun send til skólaskrifstofu innan þriggja mánaða frá því upplýsingar berast heilsugæslu.		Þau börn sem koma slök út eru send áfram til viðeigandi sérfræðings.	Börn sem koma illa út eru send áfram til viðeigandi sérfræðings.

Verkfæri	
←	→
Grunnþættir lestrar	
←	→
Tímasetning og framkvæmd	
←	→
Þátttaka	
←	→
Fyrirlögn	
←	→
Viðmið til íhlutunar	
←	→
Viðmið 1 : Viðtæk inngrip Viðmið 2 : Væg inngrip Viðmið 3 : Hvatningaraðgerðir	
←	→
Aðgerðabinding - skóli	
←	→
Miðlæg skráning	
←	→
Stuðningur og eftirfylgni	
←	→

1. bekkur		2. bekkur		3. bekkur			4. bekkur		
Lesskimun Ltl.	Framburðarskimun	Eftirf.próf Ltl.	Eftirf.próf Ltl.	Lesskimun Ltl.	Orðarún	LOGOS	Lesskimun Ltl.	Orðarún	Samræmt k.próf
- hljóðkerfisvitund - lesskilningur - orðaforði - umskráning.	- hljóðkerfisvitund.	- lesfimi - umskráning.	- lesfimi - umskráning.	- lesfimi - umskráning.	- lesskilningur - orðaforði.	- lesfimi - lesskilningur - umskráning (Skimun 1,4,5).	- lesfimi - umskráning.	-lesskilningur - orðaforði.	- lesfimi - umskráning.
September – október.	Ágúst – september.	Janúar – maí.	Sept. janúar og maí.	Janúar og maí.	September (próf 1). Janúar/febrúar (próf 2).	Mars/apríl.	Janúar og maí.	September (Próf 1). Jan./feb. (Próf 2).	September.
Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.
Sérkennari.	Sérkennari.	Sérkennari.	Sérkennari.	Sérkennari.	Sérkennari.	Sérkennari. (réttindi)	Sérkennari.	Sérkennari.	Menntamála- stofnun.
Börn sem falla í áhættuhóp 1 skal vísað í nánari greiningu. Íhlutun út frá stöðu nemanda (samanber Handbókin Ltl.).	Börn sem falla undir viðmið samkvæmt skimuninni skal vísað í framburðar-greiningu til talmeinafræðings.	Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð. Viðmið 2: 15-30. hundraðsröð.	Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð. Viðmið 2: 15-30. hundraðsröð.	Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð. Viðmið 2: 15-30. Hundraðsröðun.	Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. stöðlun prófsins skal veita íhlutun við hæfi.	Viðmið 1: Upp að 15. hundraðsröð. Viðmið 2: 15-30. hundraðsröð.	Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð. Viðmið 2: 15-30. hundraðsröðun.	Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. stöðlun prófsins skal veita íhlutun við hæfi.	Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð. Viðmið 2: Undir 15-30. hundraðsröð.
Unnið samkvæmt Handbók Leið til læsis (Ltl.).	Tilvísun til talmeinafræðings.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni.	Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum Orðarúnar.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.	Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum Orðarúnar.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.
Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.
		Ef yfir 40% nemenda falla undir viðmið 1 og viðmið 2 í janúarprófi fer í gang stuðningsferli.				Ef yfir 40% nemenda falla undir viðmið 1 og viðmið 2 fer í gang stuðningsferli.			Ef yfir 40% nemenda falla undir viðmið 1 og viðmið 2 í janúarprófi fer í gang stuðningsferli.

5. bekkur		6. bekkur			7. bekkur		
Orðarún	Raddlestur	Orðarún	LOGOS	Raddlestrarpróf	Orðarún	Raddlestrarpróf.	Samræmt k. próf
-lesskilningur -orðaforði.	-lesfimi -umskráning.	-lesskilningur -orðaforði.	-lesfimi -lesskilningur -umskráning (Skimun 1,4,5).	-lesfimi -umskráning.	-lesskilningur -orðaforði.	-lesfimi -umskráning.	-lesfimi -umskráning -lesskilningur -orðaforði.
September (Próf 1) og janúar/feb. (Próf 2).	Október, janúar og maí.	September (Próf 1) og janúar/feb. (Próf 2).	Febrúar/mars.	Október, febrúar og maí.	September (Próf 1) og janúar/feb. (Próf 2).	Október/febrúar og maí.	September.
Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.
Sérkennari.	Sérkennari.	Sérkennari.	Sérkennari. (réttindi).	Sérkennari.	Sérkennari.	Sérkennari.	Menntamálastofnun.
Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi.	Viðmið 1: Undir 100 atkvæðum á mínútu. Viðmið 2: 100-199 atkvæði á mínútu. Viðmið 3: 200 + atkvæði á mínútu.	Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi.	Viðmið 1: Upp að 15. hundraðsröð. Viðmið 2: 16-30. hundraðsröð.	Viðmið 1: Undir 131 atkvæðum á mínútu. Viðmið 2: 131-230 atkvæði á mínútu. Viðmið 3: 230+ atkvæði á mínútu.	Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi.	Viðmið 1: Undir 151 atkvæði á mínútu. Viðmið 2: 151-280 atkvæði á mínútu. Viðmið 3: 280 + atkvæði á mínútu.	Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð. Viðmið 2: Undir 15-30. hundraðsröð.
Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum Orðarúnar.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.	Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum Orðarúnar.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.	Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum Orðarúnar.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.
Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.
		Niðurstöður kynntar í skólanum.	Ef yfir 40% nemenda falla undir viðmið 1 og viðmið 2 fer í gang stuðningsferli.	Niðurstöður kynntar í skólanum.			Farið yfir niðurstöður einstakra flokka og metnar nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta.

Verkfæri	
←	→
Grunnþættir lestrar	
←	→
Tímasetning og framkvæmd	
←	→
Þátttaka	
←	→
Fyrirlögn	
←	→
Viðmið til íhlutunar	
←	→
Viðmið 1 : Viðtæk inngrip Viðmið 2 : Væg inngrip Viðmið 3 : Hvatningaraðgerðir	
←	→
Aðgerðabinding - skóli	
←	→
Miðlæg skráning	
←	→
Stuðningur og eftirfylgni	
←	→

8. bekkur		9. bekkur		10. bekkur	
Orðarún	Raddlestrarpróf	GRP 14 eða LOGOS	Raddlestrarpróf	Raddlestur	Samræmt könnunarpróf
- hljóðkerfisvitund - lesskilningur - orðaforði - umskráning.	- lesfimi - umskráning.	- lesfimi - lesskilningur - umskráning. (LOGOS skimun 1,4,5).	- lesfimi - umskráning.	- lesfimi - umskráning.	- hljóðkerfisvitund.
September – október.	Október, febrúar og maí.	September/október.	Október, febrúar og maí.	Október, febrúar og maí.	Mars. (2017) (Eftir það falla niður s.pr. í 10.b. og verða í staðinn haldin í 9. bekk).
Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.	Allir í árgangi.
Sérkennari.	Sérkennari.	Sérkennari, kennsluráðgjafi (réttindi).	Sérkennari.	Sérkennari.	Menntamálastofnun.
Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi.	Viðmið 1: Undir 180 atkvæðum á mínútu. Viðmið 2: 181-300 atkvæði á mínútu. Viðmið 3: 300 + atkvæði á mínútu.	Viðmið 1: Upp að 15. hundraðsröð. Viðmið 2: 16-30. hundraðsröð.	Viðmið 1: Undir 180 atkvæðum á mínútu. Viðmið 2: 181-300 atkvæði á mínútu. Viðmið 3: 300 + atkvæði á mínútu.	Viðmið 1: Undir 180 atkvæðum á mínútu. Viðmið 2: 181-300 atkvæði á mínútu. Viðmið 3: 300 + atkvæði á mínútu.	Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð. Viðmið 2: Undir 15-30. hundraðsröð.
Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum Orðarúnar.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.	Íhlutun 1: Sérkennsla. Íhlutun 2: Sér námsefni. Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.
Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.	Heildarniðurstöður varðveittar í skóla.
		Ef yfir 40% nemenda falla undir viðmið 1 og viðmið 2 fer í gang stuðningsferli.		Niðurstöður teknar saman og kynntar í skólanum.	Niðurstöður kynntar í skólanum.